

Nd.

5. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1940 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1940 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir og $\frac{1}{2}$ % eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1940 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í þessu frumvarpi er lagt til að framlengja til ársloka 1940 gildandi lagaákvæði um að innheimta eignarskatt með 10% viðauka og ennfremur vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 með 25% viðauka. Loks er lagt til að framlengja til ársloka 1940 gildandi lagaákvæði um að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 með 80% álagi á skattinn af kvikmyndasýningum og með 20% álagi á skattinn af öðrum skemmtunum, eins og nú er gert samkvæmt ákvæðum fjárlaga nr. 89 11. júní 1938, 22. gr. XI.

EKKI verður séð, að hjá þessum framlengingum verði komizt.

Þess skal getið, að ákvæðunum í lögum nr. 48 11. júní 1938, um 25% viðauka á ýms aðflutningsgjöld og á verðtoll, er sleppt í lagafrumvarpi þessu vegna þess, að tekið er tillit til téðra viðauka í frumvarpi til laga um tollskrá, sem lagt verður fyrir Alþingi.